

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 42/1916.

Sigurður Bárðarson

gegn

Eggert Claessen f. h. Leonh.

Tang & Sön á Ísafirði.

D ó m u r :

Stefndi Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir hönd Leonh. Tang & Söns-verzlunar á Ísafirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum sjómanni Sigurði Bárðarsoni til greiðslu á skuld að upphæð 366 kr. 13 aur., er sumpart var fyrir útteknar vörur sumpart eftir vixli, samþykktum af áfrýjanda, með kostnaði, og var málið dæmt í bæjarþingsréttinum 8. júní þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var sýknaður af skuldarkröfunni fyrir útteknar vörur, en dæmdur til að greiða vixilskuldina 300 kr. með vöxtum og kostnaði 22 kr., samtals 322 kr., ásamt 6⁰/₁₀ ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til borgunardags, svo var honum og gert að greiða 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Sigurður Bárðarson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. júlí þ. á., og krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda í héraði, og að áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi Eggert Claessen fyrir hönd Leonh. Tang & Sön krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi

verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi.

Áfrýjandi mætti eigi fyrir bæjarþinginu og lét enga vörn koma fram af sinni hendi, en nú hefir hann framlagt konungsleyfi dags. 7. f. m., til að koma fram með nýjar málsástæður og leggja fram ný skjöl í málinu, og samkvæmt því hefir hann auk annara málskjala lagt fram skirnarseðil sinn, útgefinn af sóknarprestinum í Eyrar- og Hólsprestakalli, en eftir honum er hann fæddur 5. jan. 1888, og varð því eigi fullveðja fyr en 5. jan. 1913. En nú er víxillinn, sem bæjarþingsdómarinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða, gefinn út af Leonh. Tang & Sön á Ísafirði 30. marz 1911 til greiðslu 30. júní s. á., víxillinn er samþykktur af áfrýjanda, og verður að gera ráð fyrir, að samþykkið hafi verið ritað á hann fyrir greiðsludag, en þá var áfrýjandi ófullveðja maður. Hann gat því eigi skuldbundið sig með áskriftinni á víxilinn, og með því að ekkert er komið fram um það, að hann hafi síðar, eftir að hann varð fullveðja, kannast við skuldina, verður eigi hjá því komist að taka sýknukröfu hans til greina og fella bæjarþingsdóminn úr gildi. En þó að málið fái þessi úrslit, þykir eigi ástæða til þess, að dæma áfrýjanda málskostnað hjá stefnda, og verður málskostnaður því látinn falla niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sigurður Bárðarson á að vera sýkn

af kröfum stefnda Eggert Claessen f. h. Leonh. Tang & Sön á Ísafirði í þessu máli. Málskostnaður fyrir bæjarþingi og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 51/1915.

H. Söbstad
 gegn
 Valdemar Thorarensen
 f. h. T. Bakkevig.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalsökina höfðaði Stefndi V. Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig útgerðamanns á Siglufirði fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn áfrýjanda H. Söbstad útgerðamanni á Siglufirði, en áfrýjandi gagnsökina á hendur stefnda. Lauk þessum málum með dómi gestaréttarins uppkveðnum 16. júlí f. á., svo, að áfrýjandi var í aðalsökinni dæmdur til að greiða stefnda 14058 kr. 36 aura með 5% ársvöxtum frá 3. ág. 1911 til greiðsludags, en í gagnsökinni var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og kostnað í báðum málunum skyldi áfrýjandi greiða stefnda með 300 kr.

Þessum dómi hefir H. Söbstad skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. ág. f. á., og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum í aðal-